

## GJALDSKRÁ

### Hafnarsjóðs Vesturbyggðar.

#### **Almenn ákvæði.**

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnarsjóð Vesturbyggðar er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1. Gjaldskráin er við það miðuð að Hafnarsjóður Vesturbyggðar geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafna, sbr. 5. tölulið 3. gr. hafnalaga. Gjaldskráin tekur breytingum skv. ákvörðun hafnarstjórnar hverju sinni. Virðisaukaskattur, 25,5% leggst á öll gjöld við útgáfu reikninga.

#### **Um hafnagjöld.**

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjaldala samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

#### **Skipagjöld.**

4. gr.

##### *Lestargjöld:*

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, 10,34 kr. á mælieiningu, skv. 2. gr., en þó ekki oftar en tvísvar í mánuði. Undanþegin greiðslu lestargjalda eru skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

##### *Bryggjugjöld:*

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða 5,18 kr. á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 13 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum sem mánaðargjald, 64,05 kr. á mælieiningu, en þó aldrei lægra en 7.187 kr. á mánuði. Bátar minni en 20 brt. greiða þó aldrei lægra en 4.799 kr. á mánuði. Skip samkvæmt 2.másl. 1. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

#### **Vörugjöld.**

5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendar eða erlendar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

7. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálf vörugjald. Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunahöfn. Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar á land.

## 8. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Farþegar, bifreiðar þeirra, farangur og vöruflutningar með ferjum og flóabátum, sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir vörugjaldi. Heimilt er bó að taka vörugjöld af vörum í vörugjaldsflokkum 1, 2 og 3, sbr. 11. gr.

## 9. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- Umbúðir sem endursendar eru.
- Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- Almennar pótsendingar og farangur ferðamanna.
- Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

## 10. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skyld að láta höfni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein tegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

## 11. gr.

Vörur skal flokka eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og greiðist vörugjald eins og hér segir:

- Gjald 291 kr. á tonn:  
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
- Gjald 495 kr. á tonn:  
Lýsi og fiskimjöl.
- Gjald 534 kr. á tonn:
  - Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda, pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjavörur og ávextir.
  - Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifjhjól, reiðhjól, hjólbardar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður.
  - Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
  - Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.  
Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.
- Gjald 1,60%:  
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brotflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjald af ferskum sjávarafurðum reiknast af ætluðu aflaverðmæti hvers mánaðar. Ætlað aflaverðmæti miðast við meðalverð hverrar fisktegundar á Vestfjörðum sem útgefið er af Verðlagsstofu skiptaverðs. Viðmiðunin er bundin meðaltali annars til sjöunda mánaðar frá aflamánuði. Sé ekki til meðaltalsverð yfir sjávarafla skal áætlað söluverð hans reiknað út frá þorskígildishlutfalli viðkomandi tegundar samkvæmt viðmiðun Fiskistofu.
- Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarsöluverðmætis aflans. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd afurða og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarsöluverði. Kaupanda ber að afhenda höfninni skýrslu um keyptan

afla og afurðir mánaðarlega, t.d. afrit af söluuppgjöri milli kaupanda og seljanda. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.

Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Seljandi afla og afurða ber ábyrgð á greiðslu aflagjalds til hafnarinnar. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Hámarksgjald samkvæmt þessum flokki er 4.494 kr. á tonn og lágmarksgjald er 149 kr. í öllum flokkum.

#### **Farþegagjald.**

12. gr.

Farþegagjald er tekið við komu og við brottför farþega sem fara um hafnir Vesturbýggðar, 68 kr. á 16 ára og eldri og 37 kr. á 15 ára og yngri. Farþegar ferja og flóabáta sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir þessari gjaldtöku.

#### **Hafnsögugjöld.**

13. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt útlögðum kostnaði en þó að lágmarki 6,94 kr. fyrir hverja mælieiningu. Að auki greiðist 5.166 kr. fastajald og 446 kr. í hafnsögusjóð. Leiga hafnsöguþáts með skipstjóra, 7.592 kr. á klst.

#### **Festargjöld.**

14. gr.

Hver afgreiðsla á starfsmann, 6.300 kr. í dagvinnutíma og 11.340 kr. í yfirvinnutíma.

#### **Viðlegugjöld.**

15. gr.

Bátar undir 20 brt.	6.405 kr.	á mánuði
Bátar yfir 20 brt.	9.870 kr.	á mánuði
Bátar undir 20 brt. fast viðlegupláss	8.190 kr.	á mánuði
Bátar yfir 20 brt. fast viðlegupláss	12.705 kr.	á mánuði
Skip yfir 80 brt.	89 kr.	á brt. á mánuði
Uppsátursgjald	2.205 kr.	á mánuði

Bátar sem liggja við einkabryggjur greiða hálf gjald. Veittur er 25% afsláttur fyrir frístundabáta í eigu 70 ára og eldri. Gjald fyrir báta er nýta hafnlegu skemur en 10 daga í mánuði reiknast sem hér segir: Fyrir 1-3 daga 25% af mánaðargjaldi, 4-6 daga 50% og 7-10 daga 75%. Fyrir lengri tíma en 10 daga reiknast fullt mánaðargjald.

Skútur og skemmtibátar sem koma til hafnar greiði 58 evrur fyrir hverja byrjaða viku.

#### **Siglingavernd (ISPS-kóði).**

16. gr.

Öryggisgjald, 36.797 kr. fyrir hverja skipakomu. Öryggisgæsla fyrir öryggisvörð, 4.410 kr. á klst. í dagvinnu og 7.938 kr. á klst. í yfirvinnu.

#### **Sorpgjald.**

17. gr.

Sorpgjald báta 0-20 brúttótonn, 1.995 kr. á mánuði. Sorpgjald báta 20-50 brúttótonn, 2.625 kr. á mánuði. Sorpgjald skipa yfir 50 brúttótonnum, 6.825 kr. á mánuði.

#### **Rafmagnssala.**

18. gr.

Rafmagn (landrafmagn), 10,29 kr. á kWh. Gjaldið breytist hverju sinni samkvæmt gjaldskrá Orkubús Vestfjarða. Leigugjald fyrir mæla, lausir 525 kr. á mánuði, fastir 1.050 kr. á mánuði.

Skilagjald vegna leigu rafmagnsmæla, 26.250 kr. hvert skipti. Rafmagnstengigjald, 3.255 kr. hvert skipti.

**Vatnssala.**

19. gr.

Vatnsgjald, 0,12 kr. á hvert kg landaðs afla hjá fiskibátum/skipum. Vatn til skemmtiferðaskipa, 2 USD hvert tonn. Vatn til annarra skipa, 116 kr. hvert tonn. Vatn afgreitt utan reglubundins vinnutíma, hvert útkall 11.340 kr.

**Vigtargjöld.**

20. gr.

Almenn vigtun, 130 kr. á tonn. Lægsta gjald fyrir einstaka vigtun, 725 kr.

Vigtun ökutækja, 1.307 kr. hvert skipti. Úrtaksvigtun fyrir löndun úr frystiskipum, 121 kr. á tonn.

Við vigtun sjávarafla frá kl. 18.00 til kl. 22.00 greiðist hálf gjald eða tveggja tíma útkall, 4.410 kr. hver klst. Á öðrum tímum en að ofan greinir, skal greiða að lágmarki fjögurra tíma útkall, 4.410 kr. hver klst.

**Löndunar-, skráningar- og kranagjöld.**

21. gr.

Löndunar- og skráningargjöld, 207 kr. á hvert landað tonn fyrir öll skip. Leiga á kranalykli, 2.940 kr. hvert skipti. Skráning afla í GAFL vegna fyrirtækja með endurvíguntunarleyfi, 1.470 kr. fyrir hverja endurvígsskráningu eða 0,25 kr. fyrir hvert kíló.

**Leigugjöld.**

22. gr.

Leiga fyrir geymslusvæði, hvort sem um er að ræða gáma, veiðarfæri eða báta:

Geymslurými á malarsvæði, 58 kr. á fermetra. Geymslurými á malbikuðu svæði, 105 kr. á fermetra. Óheimilt er að geyma veiðarfæri og tilheyrandi búnað á hafnarköntum. Heimilt er hafnarvörðum að fjarlægja þannig geymdan búnað á kostnað eiganda eða beita sektum allt að 5.040 kr. á sólarhring sé óskum um að fjarlægja hann ekki sinnt.

Leiga á flotbryggju, 7.875 kr. hver klst. Húsaleiga, beitingaraðstaða 47.250 kr. á mánuði, herbergi í verbúð 11.025 kr. á mánuði.

**Önnur þjónusta.**

23. gr.

Hefðbundinn opnunartími hafnarvogar er frá kl. 07.00 til kl. 18.00 virka daga. Frá kl. 18.00-22.00 skal greiða að lágmarki tveggja tíma útkall, 4.410 kr. hver klst. Á öðrum tímum en að ofan greinir, skal greiða að lágmarki fjögurra tíma útkall, 4.410 kr. hver klst. Heimilt er að deila útkallsgreiðslu á skip komi fleiri en eitt inn til löndunar á sama tíma. Frá 1. júní til 15. ágúst er auchess opið á laugardögum frá kl. 10.00-12.00 og á sunnudögum frá kl. 17.00-19.00.

Sé óskað eftir þjónustu hafnar á tímabilinu eftir kl. 22.00 til kl. 8.00 að morgni skal tilkynning um það hafa borist hafnarstarfsmanni á vakt fyrir kl. 21.00 það kvöld. Að öðrum kosti verður þjónustu ekki sinnt fyrr en eftir kl. 07.00 næsta morgun nema um neyðartilfelli sé að ræða.

**Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.**

24. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina. Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skyld að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfn og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir

skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarsjóðs.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfn. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skips standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfn fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanní skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

#### 25. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má tryggja með aðför að undangengnum dómi. Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð fyrir samningsveðskuldum í tvö ár, sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Höfnum Vesturbyggðar er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

#### Gildistaka.

#### 26. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnarsjóð Vesturbyggðar var samþykkt af hafnarstjórn þann 13. desember 2011, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004. Gjaldskráin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að mali. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 523/2011 fyrir Hafnarsjóð Vesturbyggðar frá 29. apríl 2011.

*Vesturbyggð, 22. ágúst 2012.*

**Ásthildur Sturludóttir** hafnarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 4. október 2012